

Ed.

728. Frumvarp til laga

[317. mál]

um fjölfatlaðraskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

A. Skólinn og hlutverk hans.

1. gr.

Ríkið skal starfrækja í Reykjavík skóla fyrir fjölfötluð börn, en fjölfötluð eru þau börn nefnd hér, sem að mati sérfræðingateymis eru þjálfunar- eða kennsluhæf, en eiga við svo margháttaðar og alvarlegar hamlanir að stríða, að þeim nýtist ekki til þess þroska er hæfileikar þeirra leyfa námsvist á stofnunum þeim eða skólum fyrir afbrigðileg börn, sem starfræktir eru hér á landi.

Við skólann skal vera heimavist.

2. gr.

Hlutverk skólans er að veita fjölfötluðum börnum sérhæfða þjálfun og kennslu við hæfi hvers einstaklings. Skólinn skal haga uppeldisstörfum sínum í samræmi við eðli og sérstakar þarfir nemenda sinna og gæta andlegrar og líkamlegrar heilsu þeirra. Hann skal í samvinnu við heimilin og aðra þjónustuaðila leitast við að gera nemendur sína að sjálfbjarga og hamingjusömum einstaklingum í samfélaginu með því að gera þeim kleift að þroska hæfileika sína eins og framast er auðið og hjálpa þeim til að öðlast heilbrigð lífsviðhorf.

3. gr.

Inntaka nemenda í skólann fer eftir ákvörðun sérfræðingateymis að undangenginni alhliða rannsókn.

Aldurstakmörk eru engin og lengd námsvistar breytileg og fer eftir mati kennsluliðs skólans og sérfræðingateymis, sem fylgist reglulega með þroska nemenda og námsárangri.

B. Starfslið skólans.

4. gr.

Menntamálaráðherra setur eða skipar skólastjóra og fasta kennara við skólann. Skólastjóri ræður annað starfslið skólans að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

5. gr.

Eigi má skipa skólastjóra eða kennara við skólann aðra en þá, sem lokið hafa almennu kennaraprófi og að auki framhaldsnámi í sérkennslu, sem menntamálaráðuneytið metur fullgilt. Skólastjóri og kennarar skulu ekki skipaðir fyrr en eftir 4ra ára reynslutíma.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið setur skólanum reglugerð og starfsliði skólans erindisbréf, þar sem kveðið er á um sérstakar skyldur þess og réttindi, þ. á m. símenntun og samvinnu við foreldra og sérfræðinga.

C. Stjórn skólans.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur á hendi yfirstjórn skólans, en skólastjóri fer í skólanum með umboð ráðuneytisins gagnvart starfsliði skólans, nemendum og forráðamönnum þeirra og stýrir daglegu starfi.

8. gr.

Við skólann skal vera skólanefnd, skipuð fimm mönnum: einum fulltrúa kennsluliðs skólans, einum fulltrúa foreldra, einum fulltrúa tilnefndum af heilbrigðisráðuneytinu, einum tilnefndum af menntamálaráðuneytinu og einum fulltrúa tilnefndum af endurhæfingarráði.

Skólanefndin er ráðgefandi um allt er lýtur að hag og starfi skólans.

D. Fjármál skólans.

9. gr.

Kostnaður við skólann greiðist að öllu leyti úr ríkissjóði. Skólastjóri gerir árlega áætlun um fjárför skólans og leggur fyrir menntamálaráðuneytið, og eru allar greiðslur kostnaðar bundnar samþykki þess.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er samið af nefnd, sem ráðuneytið skipaði og skilaði hún því, ásamt greinargerð 31. desember 1973.

Frv. er lagt fram eins og nefndin gekk frá því, nema hvað 10. gr., gildistökuákvæði, er bætt við.

Frumvarpinu fylgdi frá nefndinni svofelld greinargerð:

„Inngangur.

Þann 7. febrúar 1973 skipaði menntamálaráðuneytið Bryndísi Víglundsdóttur, skólastjóra, Odd Ólafsson, alþingismað, og Þorstein Sigurðsson, eftirlitskennara, í nefnd til að semja frumvarp til laga um skóla fjölfatlaðra.

Þess var heiðst, að frumvarpið ásamt greinargerð yrði tilbúið svo snemma, að unnt yrði að leggja það fyrir Alþingi haustið 1973.

Nefndin hefur reynt að afla sér gagna og kynnt sér viðfangsefnið eftir föngum. Hún hefur rætt málið á 5 fundum, auk þess sem nefndarmenn hafa unnið að tilteknum verkefnum milli funda. Nefndin hefur nú lokið starfi sínu og sendir hér með hæstvirtu menntamálaráðuneyti frumvarpið ásamt þessari greinargerð.

Afskipti opinberra aðila að málum fjölfatlaðra.

Á árinu 1971 skipaði heilbrigðisráðuneytið nefnd til að huga að málum svokallaðra fjölfatlaðra barna, þ. e. a. s. barna, sem áttu við svo fjölþættar og alvarlegar hamlanir að stríða, að þau voru ekki álitin eiga samleið með nemendum þeirra fjögurra skóla fyrir afbrigðileg börn, sem starfandi voru, en á hinn bóginn talið óverjandi að vista þau á fávítastofnunum. Nefnd þessi gerði tilraun til að kanna fjölda fjölfatlaðra barna og sendi ráðuneytinu þann 13. nóvember 1971 bráðabirgðayfirlit yfir 37 fjölfötluð börn á landinu ásamt áætlun um stofn- og rekstrar-kostnað skólaheimilis fyrir 15 fjölfötluð börn. Enn fremur mælti hún með hugmynd, sem fram hafði komið um sérkennslumiðstöð ríkisins.

Í desembermánuði sama ár var, að frumkvæði fræðsluráðsins í Reykjavík, sett niður viðræðunefnd Reykjavíkurborgar, heilbrigðisráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins til að fjalla um „kennslustofnanir fyrir börn, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi“. Nefnd þessi skilaði þann 25. maí 1973 ítarlegri álitgerð um sérkennslumiðstöð, enn fremur beitti hún sér fyrir því, að hafin var kennsla fjölfatlaðra haustið 1972 í húsnæði Heyrnleysingjaskólans við Stakkholt. Skólastjóri var ráðinn Bryndís Viglundsdóttir, sérkennari. Skólaárið 1972—1973 voru þar við nám 7 nemendur, þar af 4 í heimavist, en auk þess komu til skipulegrar athugunar í skamman tíma nokkrir væntanlegir nemendur.

Almennt viðhorf nefndarinnar til mála fjölfatlaðra.

Nefndin telur óhjákvæmilegt, vegna fyrirsjáanlegrar skörunar á starfssviði skyldra stofnana, svo og nauðsynjarinnar á hagkvæmum og árangursríkum rekstri, að litið sé á uppeldisvanda allra þroskaheftra barna og ungmenna í samhengi og allar ráðstafanir miðist við það, að komið sé á samvirku heildarkerfi hið allra fyrsta.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er því samið með hliðsjón af því, að fjölfatlaðraskólinn falli fyrr eða síðar inn í heildarramma sérkennslumiðstöðvar fyrir allt landið, sem annars vegar hafi með höndum greinandi störf, ráðgjöf og eftirlit með uppeldi og skólun allra þroskaheftra barna — annarra en geðsjúkra og fávíta — hvar sem uppeldi þeirra fer fram, og annist hins vegar meðferð, kennslu og uppeldi þeirra þroskaheftu einstaklinga, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi í hinu almenna skólakerfi.

Nefndin lýsir sig samþykka hugmyndum þeim, sem fram komu í álitgerð viðræðunefndar Reykjavíkurborgar, menntamálaráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins um sérkennslumiðstöð frá 25. maí 1973, en þær eru á þá leið, að sett verði á stofn miðstöð, sem skiptist í eftirtaldar deildir:

a. Greiningar- og ráðgjafarstöð.

- a. 1. Spjaldskrárdeild, er safnaði og varðveitti upplýsingar um öll börn með þroskaafbrigði, er vænta mætti að leiddu til náms- og aðlögunarörðugleika. Skilyrði þessa er, að komið verði á tilkynningarskyldu fæðingarstofnana, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva og héraðslækna.
- a. 2. Greiningardeild, þar sem mismunandi teymi sérfræðinga (lækna, sálfræðinga, félagsráðgjafa, sérkennara) ynnu greinandi störf og gæfu síðan for-eldrum, heilbrigðis- og skólayfirvöldum ráð um nauðsynlegar aðgerðir.

- a. 2.1 Athugunardeild (heimavist) fyrir 6 börn, tengd a. 2.
- a. 3. Ráðgjafardeild, skipuð sálfræðingum, félagsráðgjöfum, og sérkennurum, er veittu foreldrum, fósturum og kennurum, sem uppeldi og kennslu afbrigðilegra barna annast, leiðsögn í samræmi við niðurstöður greiningardeildar og hefði jafnframt á hendi eftirlit með kennslu og uppeldi afbrigðilegra barna, hvar sem það fer fram. Enn fremur annaðist deildin eftirvernd fyrrverandi nemenda sérskólanna.
- a. 3.1 Leikfangasafn, (Lekotek), tengt a. 3., sem hefði með höndum útlán valinna uppeldisleikfanga og annaðist ráðgjöf til foreldra um notkun þeirra.
- a. 4. Heyrnarstöð, bein þjónustudeild fyrir Suð-Vesturland, farþjónusta fyrir aðra landshluta.
- a. 5. Heilbrigðisþjónusta sérskólanna,
 - 1) skólalæknar,
 - 2) skólatannlæknar.
- a. 6. Kennslugagnamiðstöð (Material laboratorium), sem annaðist gerð sérhæfðra kennslutækja og námsgagna til nota við sérkennslu.

b. Sérskólar og þjálfunarstöðvar.

- b. 1. Vanvitaskóli fyrir 200 nemendur á skyldunámsaldri. 3—4 smærri vanvitaskólar yrðu þá í öðrum landshlutum, þar sem henta þætti.
- b. 2. Fjölfatlaðraskóli með 25 nemendum.
- b. 3. Blindraskóli með 5 nemendum.
- b. 4. Málhamlaðraskóli með 20 nemendum.
- b. 5. Heyrnleysingjaskóli með 50 nemendum.
- b. 6. Starfsnámsskóli fyrir 60 nemendur á aldrinum 16—20 ára.
- b. 7. Íþrótt- og þjálfunarstöð, sameiginleg fyrir sérskólana:
 - 1) Fimleikasalur m/tilh.,
 - 2) rytmistofa og musíkterapistofa,
 - 3) sundlaugar,
 - 4) þjálfunarstöð (fisioterapi) m/tilh.
- b. 8. Talkennslustöð, göngudeild fyrir börn og fullorðna með heimavistaraðstöðu.

c. Sameiginleg þjónusta.

- c. 1. Bókasafn.
- c. 2. Samkomu- og fyrirlestrasalir.
- c. 3. Tímstundasalir og fundaherbergi.
- c. 4. Eldhús, borðstofur og kantína.
- c. 5. Þvottahús.
- c. 6. Leikskóli og dagheimili fyrir börn starfsliðs og nokkur þroskahömluð börn, sem þangað gætu sótt.
- c. 7. Heimavistir:
 - 1) heimavist fjölfatlaðra og blindra, 15 nemendur,
 - 2) heimavistir annarra nemenda, 30 pláss. (Heyrnleysingjaskóli).

Skýringar við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Skilgreiningin á fjölfötluðum börnum á að tryggja það, að ekki sé seilst inn á starfssvið þeirra stofnana, sem fyrir eru í landinu, svo sem fávitastofnana, vanvitaskóla, barnageðdeildar, blindraskóla og heyrnleysingjaskóla — né skóla fyrir málhamlaða, sem væntanlega verður stofnaður innan tíðar. Hún felur hins vegar í sér, að þeir einstaklingar, sem reynslan sýnir, að framangreindar stofnanir eðli

sínu samkvæmt ráða ekki við að veita fullnægjandi uppeldislega þjónustu, eiga kost á að njóta hennar í skóla fjölfatlaðra.

Af þessu má ráða, að skóli fjölfatlaðra hlýtur að verða mjög sérhæfð stofnun með tiltölulega fjölmennu starfslíði, sem gera verður miklar kröfur til um hæfni og þekkingu.

Um sérfræðingateymið vísast til liðar a. 2. og a. 3. í kaflanum hér að framan um greiningar- og ráðgjafarstöð sérkennslumiðstöðvar. Þó er ástæða til að benda á í þessu sambandi, að ekkert er því til fyrirstöðu, að slík teymi séu þegar í stað mynduð til að starfa við skóla fjölfatlaðra, þótt bið yrði á að sérkennslumiðstöð tæki til starfa.

Um 2. gr.

Hér er lögð áhersla á það meginmarkmið skólans að leitast við að þroska nemendur alhliða eins og hæfileikar hvers og eins framast leyfa með því að búa þeim uppeldis- og þjálfunaraðstæður við hæfi. Hér þarf að koma til sameiginlegt átak margra aðila, sem skólinn verður að hafa frumkvæði að og samhæfa. Þar ber fyrst að nefna heimilin, enn fremur aðra aðila á sviði læknisfræði, sálfræði og félagsfræði, hvar sem sú þjónusta stendur til boða. Þar til fullnægjandi aðstaða verður fyrir hendi í sérkennslumiðstöð, verður t. d. að leita samvinnu við þjálfunarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, svo eitthvað sé nefnt.

Um 3. gr.

Til skýringar þessari grein skal enn vísað til liðanna a. 1.—a. 3. í kaflanum um greiningar- og ráðgjafarstöð sérkennslumiðstöðvar. Þó er rétt að skýra í stultu máli ákvæðin um, að aldurstakmörk séu engin og lengd námsvistar breytileg.

Það er orðin viðurkennd staðreynd, að því fyrr sem þjálfun þroskaheftra einstaklinga hefst þeim mun meiri árangurs megi vænta. Þess vegna er nú orðið algengt að taka þroskaheft börn í meðferð mun fyrr en áður var talið fært — jafnvel strax á fyrsta aldursári. Einkum á þetta við um fjölfötluð börn, sem sist af öllu mega missa af tækifærum til þroska. Ef rétt þjálfun er látin undir höfuð leggjast á kjörtíma á þroskaferli einstaklingsins, kann svo að fara, að hæfni, sem ella hefði verið möguleg, náist aldrei.

Strax og uppgötvast um þroskahefingu hjá barni, þarf því að meta hvers konar aðgerðir eru nauðsynlegar og hvenær þær eigi að hefjast. Slíkar ákvarðanir verður að láta í hendur sérfræðingateymanna, og þess vegna er ekki unnt að setja aldurstakmarkanir í lögin. Á hinn bóginn getur komið fyrir, að einstaklingur ofan skólaaldurs fjölfatlist, missi t. d. sjón og heyrn og þurfi af þeim sökum svo sérhæfðar endurhæfingar, að engri annarri stofnun sé kleift að sinna henni en skóla fjölfatlaðra. Þar verður hann því að eiga rétt á skólavist.

Af svipuðum ástæðum hlýtur lengd skólavistar að vera breytileg. Allt starf skólans er öðrum þræði greinandi, og sérfræðingateymin eiga að tryggja úttekt á þessu greiningarstarfi, reglulega og með hæfilegu millibili að því er varðar hvern einstakan nemanda.

Á samri stundu og kennslulið skólans og sérfræðingateymin komast að þeirri niðurstöðu, að aðrir þjónustuaðilar, hvort heldur um er að ræða almenna skólakerfið, aðra sérskóla eða fávitastofnanir, gætu veitt nemanda jafngóða — eða betri — uppeldisaðstöðu og meðferð, ber að gera viðeigandi ráðstafanir til breytinga.

Skóli fjölfatlaðra er of sérhæfð stofnun og dýr í rekstri til þess að verjandi sé frá þjóðhagslegu sjónarmiði, að þar séu í skólavist aðrir en þeir, sem nauðsynlega þurfa á henni að halda.

Um 4., 5. og 6. gr.

Erfitt er að áætla námkvæmlega væntanlegan nemendafjölda í skóla fjölfatlaðra samkvæmt þeim upplýsingum sem tiltækar eru, en hér verður þó reiknað með 25 nemendum, þar af 15 í heimavist. Þessu til rökstuðnings má nefna það, að í vetur eru

20 nemendur í Reykjadalsskóla og 8—10 nemendur á forskóladagheimilinu Bjarkarhlíð, en líklega mundi u. þ. b. helmingur þessara nemenda falla undir þá skilgreiningu á fjölfötluðum börnum, sem í frumvarpinu er notuð. Þá er vitað um nokkur börn önnur, sennilega u. þ. b. 10 talsins, sem líkleg eru sem nemendur.

Miðað við 25 nemendur þyrfti 5—6 kennara og jafnmargar fóstrur til kennslunnar, ef tekið er mið af erlendri reynslu. Þá er ótalið heimavistarstarfslið, sem þarf að vera allfjölmennt. Enn má nefna sjúkrapjálfa og iðjupjálfa, sem tengja þarf skólanum.

Í 6. gr. er gert ráð fyrir því, að skólanum sé sett reglugerð og starfsliðið fái erindisbréf, þar sem m. a. væri kveðið á um vikulegan og árlegan starfstíma skólans, starfstilhögun alla, enn fremur æskilega hæfni og grunnenntun starfsliðsins ásamt siðaskrá þess.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á nauðsyn símenntunar starfsliðsins alls vegna sérstöðu stofnunarinnar. Símenntunin tæki m. a. til námsheimsóknna til erlendra stofnana, námskeiða og bundins lestrar fagrita. Til þess þyrfti að ætla árlega ríflega fjárhæð á fjárhagsáætlun skólans.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir skólanefnd, sem verði skólastjórninni til ráðgjafar og styrktar. Lagt er til að nefndina skipi fulltrúar þeirra aðila, sem skólinn þarf að hafa nánust samskipti við.

Um 7. og 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Bryndís Viglundsdóttir.

Oddur Ólafsson.

Þorsteinn Sigurðsson.“